

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Íbúafundur
- Kosningar

Næsti Pési kemur út .12 júní 2014

Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 9.júní.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Fjallkonur	5
Atvinna	7
Ásæll	9
Eldklerkur	14
Smárafréttir	18
Listar til sveitarstjórnark	22

Maí 2014

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 282 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



BÓKASAFN



Frá Bókasafni Hrunamanna

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>




Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og þetta árið verður hann líka kosningamánuður. Tvö framboð eru komin fram til sveitarstjórnar þannig að það verður gaman að fylgjast með niðurstöðunni á kosningavökunni sem haldin verður í Félagsheimilinu þegar kjörstaður lokar. Þar verður einnig hægt að fylgjast með kosningasjónvarpi á landsvísu þannig að vonandi verður þetta skemmtileg kosningavaka. Þá verður líka samhliða talið í skoðunarkönnuninni um sameiningarvilja íbúa og er það spennandi að sjá hvað fólki finnst um það mál. Hægt verður að greiða atkvæði í skoðunarkönnuninni utan kjörstaðar á skrifstofu Hrunamannahrepps á skrifstofutíma frá og með 19. maí. Ef fólk ætlar hins vegar að kjósa utan kjörstaðar í sveitarstjórnarkosningunum sjálfum verður fólk að fara til sýslumannsins á Selfossi.

Nú er búið að leggja fram ársreikning fyrir árið 2013 og hann afgangur af sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 37 millj. sem er verulega umfram áætlanir. Helstu ástæður þess eru að tekjur af útsvari reyndust meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og einnig voru lánamál hagstæð. Það sem er ánægjulegt líka er að áætlanir um útgjöld reyndust nokkuð raunhæf og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið skynsamlega og að afgangur verði að duga fyrir venjulegum fjárfestingum. Það er einnig gott að skuldir sveitarfélagsins lækki miðað við tekjur þess og nú er skuldahlutfallið komið niður í 79%. Það auðveldar síðan að ráðast í stærri framkvæmdir eins og stækkun á íþróttahúsinu.

Nú er búið að velja nýjan leiksskólustjóra og varð Halldóra Halldórsdóttir fyrir valinu. Við lentum í því að tvær mjög hæfar manneskjur sóttu um starfið og verst að geta ekki ráðið þær báðar sem leiksskólustjóra en stundum er það þannig að sá á kvölinu sem á völinu. Ég vil síðan þakka Höllu fyrir góð störf sem leiksskólustjóri og bjóða Halldóru aftur velkomna til starfa. Það eru fleiri mannbreytingar hjá sveitarfélaginu. Þær Bubba í Birtingarholti og Sigga í Laxárhlið ætla að hætta að sjá um tómstundastarfið fyrir eldri borgara. Vil ég þakka þeim fyrir góð störf í gegnum árin. Þá vantar okkur einnig starfsmann í félagsmiðstöðina Zero á Flúðum fyrir næsta vetur og hvet ég áhugasama að vera í sambandi út af því.

Rusladagurinn var haldinn föstudaginn 9 maí s.l. og tókst vel. Það fyrirkomulag var á honum núna að hafa hann tvískiptan, annars vegar skólana fyrir hádegi og hefðbundinn rusladag á Flúðum seinnipartinn, auk sem sveitin tók þátt fyrir sínu landi.



Ég vil þakka íbúum og leik- og grunnskóla fyrir þátttökuna og ruslamálaráðherranum henni Sigrúnu fyrir góð störf. Hins vegar vil ég enn og aftur hvetja fullorðna íbúa á Flúðum til þátttöku. Þeir voru of fáir og þó allir vilji eflaust hafa umhverfið sómasamlegt er eðlilegra að fleiri leggi þar hönd á plóg. Ég vil síðan hvetja íbúa og fyrirtæki til að hafa alla daga rusladaga í sjálfu sér þannig að við séu öll meðvituð um að það skiptir miklu máli að umhverfi sveitarinnar líti vel út.

Það er gaman að geta þessar þegar fyrirtæki í sveitarfélaginu fá viðurkenningu en Vínbúðin á Flúðum varð þess aðnjótandi að vera valin vínbúð ársins af ÁTVR í annað skipti í röð. Vil ég óska starfsmönnum Vínbúðarinnar til hamingju með „títilinn“ og eru þau vel að þessu komin. Annað sem fær sérstakt hrós hjá mér er árshátíð Flúðaskóla en það var mjög gaman að sjá hvernig bæði yngra og eldra stig skólans gerðu skemmtilegan viðburð úr þessu. Það er sjaldan ofsagt að það sé mjög góður skóli fyrir krakka að læra að koma fram og tjá sig. Sérstaklega var uppsetningin á „Nínu og Geira“ athyglisverð og raun um „mini“ söngleik að ræða sem er þeim sem að stóðu til mikils sóma og eftirbreytni. Þetta rímar ágætlega saman við nýja skóla- og forvarnarstefnu sem Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafa sett sér sameiginlega og hvet ég alla að kynna sér hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vorið er síðan uppskeruhátíð vetrariþróttu og það er ánægjulegt að sjá hvað þátttaka er góð í hinum ýmsu íþróttum. Krakarnir hafa staðið sig vel og er það UMFH til sóma hvað vel er staðið að málum. Þá hefur gamla liðið staðið fyrir sínu og vonandi verður vaxandi starfssemi í þeim geiranum líka með stærra íþróttahúsi. Vonandi getur UMFH spýtt enn frekar í lófana þegar væntanlegur starfsmaður félagsins getur einbeitt sér að innra starfinu sem var markmið stuðning sveitarfélagsins við UMFH. Síðan má ekki gleyma öðrum greinum eins og hestamennsku, tónlist og fleira sem ungir og aldnir hafa stundað af miklum móð í vetur. Þá má minnst á starfssemi unglिंगadeildarinnar Vinds en gaman er að geta þess að félagið heldur Landsmót unglिंगadeilda slysavarnarfélaga Landsbjargar að Álfaskeiði 27.-29 júní n.k. Allt þetta ber öflugum mannlífi í Hreppnum góð merki.

Þá vil ég vekja athygli á að „Eyvindur“ og „Halla“ hafa plantað sér niður við Hryggjarholtíð. Karlinn og kerlingin taka sig vel út þarna og vil ég þakka þeim listamönnum Halldóri á Seli og Helgu í Bryðjuholti fyrir gott handverk við að skapa skötuþjún. Að lokum vil ég minna á Evrópska kvikmyndahátíð sem flakkar um landið og lendir á Flúðum þann 10. júní nk. Þar verða væntanlega sýndar þrjár myndir sama daginn og verður eflaust auglýst betur síðar. Það er þó aldrei svo að Flúðabíó gangi í endurnýjun lífdaga en það er draumur margra að dusta rykið af gömlu sýningarvélinni og sýna ræmur.

Eigum góða tíma saman.

Jón Valgeirsson sveitarstjóri

Stóðhestar að Kjarnholtum I, sumarið 2014.



Bláskeggur frá Kjarnholtum I
IS2010188560



Rauðskeggur frá Kjarnholtum I
IS2011188560

Hálfræðurnir Bláskeggur frá Kjarnholtum I og Rauðskeggur frá Kjarnholtum I verða til afnota að Kjarnholtum I í sumar.

Húsnotkun: Tímabilið 10. maí til 20. júní 2014

Í girðingu: Frá 20. júní 2014 og í einu löngu gangmáli allt sumarið.

Bláskeggur og Rauðskeggur eru sammæðra og einnig sammæðra stóðhestinum Kolskeggi frá Kjarnholtum I, sem hlaut 8,48 í aðaleinkunn 5 vetra gamall, þ.a. 8,66 fyrir byggingu. Þeir eru allir undar Heru frá Kjarnholtum I, Kolskeggsdóttur, og Bláskeggur er síðan undan Kvisti frá Skagaströnd og því albróðir Kolskeggs frá Kjarnholtum I, en Rauðskeggur er aftur á móti undan Kiljan frá Steinnesi. Báðir þessir folar þykja hafa fallett sköpulag eins og elsti bróðirinn og vera efnilegir.

Allar upplýsingar um þessa fola gefur Magnús Einarsson, Kjarnholtum I í síma: 486-8932 eða í netfanginu: kjarnholt@centrum.is



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir



Fjallkonur

Um þessar mundir stendur Kvenfélag Hrunamannahrepps fyrir söfnun á ljósmyndum af konum sem komið hafa fram sem fjallkonur á hátíðahöldum 17. júní ár hvert. Þeir sem eiga í fórum sínum myndir af fjallkonum og fánaberum með þeim eru vinsamlega beðnir að hafa samband við **Siggu í Laxárhlið** í síma **486 6634** eða **846 6776** sigga1406@simnet.is

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Garðyrkjustöðin Hvammur 2
(Við Flúðir)
Höfum til sölu úrval af trjám, runnum og sumarblómum.
Matjurtir og kryddplöntur.
Gjafabréf.
Símar: 4866640, 8956014 Jóhannes,
8642154 Kristín, 8980913 Helgi

Forsala á rúlluplasti

Í forsölu erum við með tvær tegundir af þýsku gæða plasti sem við höfum verið með í sölu undanfarnin þrjú ár.

Agrifóli - þrautreynt við íslenskar aðstæður og er með eftirla limingu og mjög hljóðlætt við þökkun.

Polystretch - hefðbundni en hefur reynst líkast vel við allar aðstæður og hafa viðskiptavinir okkar undantekningalaust verið mjög ánægðir með þetta plast.

Agrifóli (hvítt/ljósgrænt 750mm.)

Forsöluverð án vsk. kr. 11.620*

Polystretch (grænt 750mm.)

Forsöluverð án vsk. kr. 11.620*

*Verð er miðast við að keypt séu heil bretti og gjaldtugi 15. maí.

Ef greitt er 15. júní bætt st. 2% við verð.

Pantanir þurfa að hafa boðist okkur fyrir 15. apríl og við komum plastið heim á hlað fyrir 15. Júní viðskipta vnum að kostnaðræðu.



Í sauðburðinn

**Henke -
Skammtaspauta**



**Henke -
Inngjafaspauta**



Lambasnara



Lambatúttufötur

5 túttu 8 L

6 túttu 8 L



Burðarslim



**Lambatúta
fyrir
gosflöskur**



**Lamba
mjólkurduft**



**Lambapeli
1 líter**



**Merkilítir
Spray og stíck**



**"Klaufa"
klíppur**

Markatöng



**Steinefnafata
fyrir sauðfé**



**Munið að panta
sáðvöruna fyrir
15. apríl**

Sáðvöruelistinn og verð er á
www.landstolpi.is

Frí heimkeyrsla á sáðvöru
ef pantað er fyrir 15. apríl n.k.
300 kg. eða meira

**Saltsteinn
Natur**



**Saltsteinn
Plus**



**Uniblock
steinefnablokk**



LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

S.S. fréttir

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð þann 21.mars sl. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru, Eiríkur Grafarbakka, Bjarni Valur Skipholti, Esther Sólheimum, Páll Núpstúni, auk deildarstjóra. Fram kom í reikningum og ársskýslu félagsins að reksturinn hefur aldrei verið betri í sögu þess. Þakka má það tryggum viðskiptavinum. Þá er samþykkt uppbótastefna, ávinningur bænda, sem skipta við félagið að njóta þessa góða gengis. Eins og áður er allt um þetta inn á vef www.ss.is. Hvet ég bændur til að fylgjast með öllum fréttum,t.d. uppfærðu verði nautgripa o.fl. á þessum stað. Með bestu sumarkveðjum og kæru þakklæti fyrir góð samskipti við Sláturfélagið fyrr og nú.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Félagsmiðstöðin Zero

Starfsmann vantar í 60% starf til að hafa umsjón með starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero á Flúðum. Félagsmiðstöðin er rekin í samvinnu Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf eigi síðar en 15. ágúst nk. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknun skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 30. maí n.k.

Bændamarkaðurinn Efra-Seli.

Opið er í maí sem hér segir: **Föstudaga til sunnudaga frá kl. 11.00 – 18.00.**

Markaðurinn verður opinn alla daga frá 1. júní, frá kl. 11.00 til 18.00.

Kaffi-Sel, golfskálanum er opið alla daga frá kl. 8.00 til 20.30.

Nýr matseðill með spennandi heilsuréttum!



Síminn er 486-6454 /
www.kaffisel.is /
Facebook – Kaffi-Sel



Áskorun til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps haldinn 31. mars 2014, lýsir yfir áhyggjum af stöðu öldrunarmála á Suðurlandi nú þegar biðlistar eftir hjúkrunarrými lengjast og lengjast um allt land. Fundurinn telur ekki forsvaranlegt að aldraðir þurfi að flytjast úr sínu byggðarlagi til dvalar á hjúkrunarrýmum í öðrum byggðarlögum, fjarri fjölskyldu og vinum.

Fundurinn kallar eftir stefnumörkun um uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis nú þegar og skorar á sveitarstjórnir í Laugarás-læknishéraði að taka höndum saman og hefja sameiginlega byggingu hjúkrunarheimilis.

Kvenfélag Hrunamannahrepps vill taka fram að kvenfélögin í Laugarás-læknishéraði hafa tekið höndum saman og eru öll tilbúin til að taka þátt í slíkri uppbyggingu og styðja við bakið á framkvæmd við byggingu nýs hjúkrunarheimilis. Eins og allir vita hafa þessi kvenfélög til margra ára, stutt dyggilega við Heilbrigðisstofnunina í Laugarási sem og á Selfossi.

Með von í hjarta og ósk um aðgerðir hið fyrsta.

Aðalfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Haldinn 31. mars 2014

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Kveðja frá ÁSÆL

Aðalfundur ÁSÆL var haldinn í kaffiteríunni í Reiðhöllinni þann 14. apríl síðastliðinn. Á fundinum var kosin ný stjórn og hlutu kosningu Jón Bjarnason formaður, Sveinn Hannes Sveinsson gjaldkeri og Erla Jóhannsdóttir ritari. Í varastjórn voru kosnir þeir Sigurður Sigurjónsson varaformaður, Elvar Logi Gunnarsson varagjaldkeri og Unnsteinn Hermannsson vararitari. Skoðunarmenn eru þeir Loftur Þorsteinsson og Guðbjörn Dagbjartsson, til vara er Samúel Eyjólfsson. Ný stjórn, ásamt varastjórn, hefur nú þegar haldið sinn fyrsta fund og var margt og mikið rætt. Ákveðið hefur verið að byrja á að styrkja innviði félagsins, koma á hreint félagaskrá og senda út árgjald en samþykkt var á sl. aðalfundi að hafa það 1000kr. að þessu sinni og fá þar með á hreint félagaskrá. Nú á dögumum var búið til tölvupóstfang fyrir félagið sem er eftirfarandi:

asaelkofavinafelag@gmail.com og verður það notað, ásamt Pésanum, til að upplýsa félagsmenn hvað sé um að vera hverju sinni og ekki síður fyrir féлага til að koma ábendingum eða hugmyndum til stjórnar. Svo var ákveðið að sækja um kennitölu fyrir félagið og í framhaldinu fengi félagið sinn eigin heimabanka og síma sem notaður verður til að boða fólk í kirkjugarðsslætti, ferðir félagsins sem og til þess að hafa samband við fólk og fyrirtæki. Þetta er allt í vinnslu og verður auglýst þegar allt er komið á hreint. Stjórnin ákvað í samráði við Sóknarnefnd og Tungufellsmenn að kirkjugarðsslætti yrði haldið áfram í Hruna og Tungufelli.

Stefnan hefur verið sett á viðhald í sumar og er stefnt á vinnuferð inn í Svínárnes þann 21. júní næstkomandi. Þar þarf að laga gluggana, skipta um hurð, setja upp lýsingu, bæta túðum á kofann og jafnvel setja upp kojur svo hann nýtist betur en ekki sem ruslakompa eins og staðan er í dag. Fyrirhuguð er svo ferð inní Fosslæk seinna í sumar til að laga það sem laga þarf og klára að setja upp eldhúsinnréttinguna.

Það er ósk okkar og von að félagsmenn verði virkir í viðhaldsferðum og fjáröflunum og taki höndum saman til að gera þetta félag aftur að því sem það var! Allir sem vilja gerast félagar geta sent póst á

asaelkofavinafelag@gmail.com með upplýsingum um nafn, kennitölu, símanúmer og heimilisfang.

Í ár er einnig stórafmæli félagsins en það var stofnað þann 18.mars 2004 og er því 10 ára í ár. Af því tilefni stefnir stjórnin á að halda rækilega upp á það í haust en það verður auglýst síðar.

Stjórnin

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 480 5112



Kæru foreldrar

Vinsamlega sækið um vistun fyrir næsta haust fyrir 20. maí.
Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar í leikskólanum og á heimasíðunni undraland.is.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum og á heimasíðunni.

Skráning er skipulögð af leikskólastjóra.

Lágmarksvistun eru fjórir samliggjandi dagar með sama vistunartíma.

Ef foreldrar vilja breyta vistunartímanum látið vita fyrir 1.júní.

Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00 / 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00 / 9:00-14:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00 / 9:00-15:00

7 tíma vistun. 8:00-15:00 / 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur, þ.e. mánaðaruppsagnarfrestur.

Greiða skal fyrir þann tíma sem barnið er skráð. Ekki er tekið tillit til fjarvista, nema um langvarandi veikindi sé að ræða. Fæðisgjald er felld niður vegna fjarveru barns, ef látið er vita um fjarveruna fyrirfram og nemi hún a.m.k. 5 samfelldum virkum dögum.

Húsnæði til leigu (Smíðjustígur 5)
Upplýsingar í síma: 891 7758



Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Opnunartími hreppsskrifstofu.
Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09:00-12:30

Gjaldskrá

Gjaldskrá Undralands frá 1.janúar 2014

	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku ▼	Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼	Gjald forgangshópa fyrir vistun 1 dag í viku. ▼	Gjald forgangshópa pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku. ▼	Gjald fyrir vistun 1 dag í viku með 10% álagi ▼	Gjald pr. mán. fyrir vistun 5 daga í viku með 10% álagi . ▼
1 klst.	704	3.520	528	2.640	774	3.870
4 klst.	2.816	14.080	2.112	10.560	3.096	15.480
5 klst.	3.520	17.600	2.640	13.200	3.870	19.350
6 klst.	4.224	21.120	3.168	15.840	4.644	23.220
7 klst.	4.928	24.640	3.696	18.480	5.418	27.090
8 klst.	5.632	28.160	4.224	21.120	6.192	30.960

Afsláttur á vistunargjöldum:

Annað barn 25% afsláttur.

Þriðja barn 100% afsláttur.

Forgangshópar 25% afsláttur.

Matarkostnaður á dag:

Morgunhressing 67 kr.

Síðdegishressing 102 kr.

Hádegismatur 310 kr.

Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur sem barn er sótt of seint sem byrjar að liða 10 mínútum eftir lok vistunartíma. Gjaldið er 500 kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mín.

Hægt er að kaupa aukavistun hjá deildar- og leikskólastjóra, ef **mannafli leyfir**, þá kostar hver klukkustund 704 kr.

Starfsfólk leikskólans

AÐALFUNDUR!

Aðalfundur körfuknattleiksdeildar UMFH verður haldinn í Flúðaskóla sunnudaginn 18.mái kl 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf
Stjórnin

Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax

á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Tónleikar í Skálholtskirkju



Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna hefur undanfarna mánuði æft kirkjutónlist úr ýmsum áttum með það að markmiði að syngja í Skálholtsdómkirkju. Um er að ræða tónlist eftir bæði íslensk og erlend tónskáld. Má þar nefna Þorkel Sigurbjörnsson, Duruflé, John Rutter og Niels La Cour. Afrakstur þessarar vinnu má heyra á mánudagskvöld nk. 19. maí kl. 20:30 í Skálholtskirkju. Auk kirkjukórs mun Hallgrímur Davíð Egilsson hörpuleikari leika tvö verk fyrir tónleikagesti.

Stjórnandi Kirkjukórs Hruna- og Hrepphólasókna er Stefán Þorleifsson. Þeir sem unna fallegum sálmasöng ættu ekki að láta þess stund fram hjá sér fara. Aðgangur er ókeypis



**Nýr TAXI á svæðinu sem mun
þjónusta Grímsnesið,
Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Gnúpverjahn.**
**Og allar sumarbústaðabyggðir á
þessum svæðum eftir bestu getu.**

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

Starfskraft vantar til aðstoðar við félagsstarf eldri borgara. Upplagt fyrir tvo áhugasama einstaklinga að taka að sér. Allar nánari upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma: 480 6600 eða á netfang: jon@fludir.is

Vinnudagur í Hruna 17.maí kl 14.

Þennan dag verður almenn tiltekt í kirkjugarðinum, lagfæring á leiðum og hreinsun trjábeða. Sóknarnefndin verður á staðnum með einhver verkfæri ,mold og þökur. Aðstandendur sem vilja aðstoð við lagfæringu leiða eru beðnir um að hafa samband við undirrituð. Eins hvetjum við alla sem hafa áhuga á að hjálpa til við að gera fallegan garð fallelgri að láta okkur vita. Margar hendur vinna létt verk.

Með kveðju fyrir hönd Hrunasóknar
Marta s:8996412 og Unnsteinn s:8943333



Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 16. júní til og með 18.júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 1998 –2000.

Áhugasamir geta haft samband við Skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 30.maí nk.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 , eða á netfang: hruni@fludir.is

ELDKLERKURINN SÝNDUR AÐ FLÚÐUM 15. MAÍ

Möguleikhúsið sýnir leikverkið Eldklerkinn, sem fjallar um séra Jón Steingrímsson og Skaftárelda, í félagsheimili Hrunamanna að Flúðum fimmtudaginn 15. maí kl. 20:30.

Verkið, sem var frumsýnt 1. nóvember s.l., hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda, en nýlega lauk sýningum á því í Reykjavík og hefur síðan verið ferðast með sýninguna um landið.

Eldklerkurinn Jón Steingrímsson er kunnastur fyrir eldmessuna er hann flutti í miðjum Skaftáreldum, en hver var hann, hvaðan kom hann og hver urðu örlög hans? Hér er sögð saga frá 18. öld af góðum bónda, lækni og presti sem þarf að takast á við afleiðingar skelfilegustu náttúruhamfara Íslandssögunnar á tímum örbirgðar og undirokunar.


“Árið 1783 þann 8. júní, sem var hvítasunnuhátíð, í heiðríku og spöku veðri um dagmálabil, kom upp fyrir norðan næstu byggðafjöll á Síðunni svart sandmistur og mokkur svo stór, að hann á stuttum tíma breiddi sig yfir alla Síðuna”.

Þannig segir séra Jón Steingrímsson frá upphafi Skaftárelda í eldriti sínu. Jón var prófastur Vestur-Skaftfellinga á árunum 1778-1791 og sjónarvottur að eldsambrotunum og áhrifum þeirra. Frá honum eru komnar nákvæmstu lýsingarnar af Skaftáreldum sem varðveittar eru, auk þess sem sjálfsævisaga hans er einstakt rit innan íslenskrar bókmenntasögu og gefur góða sýn inn í daglegt líf og hugmyndaheim fólks á 18. öld. Skarpskyggni Jóns endurspeglast víða í ritum hans og eru lýsingar á Skaftáreldum glögg tæmi um það.

Leikverkið byggir að mestu á skrifum Jóns, en um leið vekur það spurningar um hliðstæður við hamfarir af völdum manna og náttúru sem yfir þjóðina hafa dunið á síðustu árum.

Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri Sigrún Valbergsdóttir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búninga Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson.

Eins og áður sagði er sýningin á Eldklerkinum í félagsheimili Hrunamanna að Flúðum fimmtudaginn 15. maí kl. 20:30, miðaverð er kr. 3.500 og miðasala verður við innganginn.





Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Kaffi-Sel, golfskálanum,
verður opið sem hér segir:

Opið alla daga frá og með 1. maí
frá kl. 8.00 til 21.00

Verið hjartanlega velkomin
Kaffi-Sel - Sími 486-6454

Heimasíða: www.kaffisel.is Netfang: info@kaffisel.is

Til sölu!

Tvö notuð Michelin dekk, 195/75/16. 8 strigalaga.
Upplýsingar í síma 867 6752



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar



Nú er sumarið komið



UniversalSchale

Steinlafata fyrir sauðfé

Kr. 3.668



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L

6 túttu 6 L



Lamba- mjólkurduft



Burðarslim



Lambapelli
1 liter



"Klaufa"
klippur

Skammtasprautur



Inngjafasprautur



Rafgirðingaefti

- Einangrarar
 - Randbeitarvir - Randbeitarborði
 - Rafgirðingareipi
 - Þanvir
 - Randbeitarstaurar
- Spennugjafar fyrir rafgirðingar margar gerðir.



Girðingaefti



Sáðvörur í úrvali

Grasfræ

Vallerfosgras	Vega
Vallerfosgras	Grindstad
Vallerfosgras	Tuukka
Vallerfosveigras	Sobra
Túringull	Gondóln
Stöpsablánda I	Fyrir kjör
Stöpsablánda II	Fyrir fé og beit
Stöpsablánda III	Hávingublánda

Bygg til þroska

Bygg 6 raða	Voitto
Bygg 6 raða	Aukusti
Bygg 2 raða	Filippa

Stöpsablánda I ísmiheldur:

45% Vallerfosgras Vega,
10% Vallerfosgras Grindstad,
30% Túringull Simo,
10% Vallerfosveigras Sobra

Stöpsablánda II ísmiheldur:

50% Vallerfosgras Tuukka,
20% Vallerfosgras Tenho,
30% Vallerfosveigras Sobra

Grænifóðurfræ

Fjólært rygnesi	Calibra
Sumarygnesi	Barpectra
Vetrarygnesi	Jivet
Vetrarygnesi	Barnultra
Sumarygnesi	Jeanne
Vetrarygnesi	Pluto
Vetrarygnesi	Barcol

Belgjurtir

Erta	Ingrid
Hvítamári	Rivandel
Rauðamári	Suez

Hafnar

Grænifóðurhafnar	Domenic
Hafnar til þroska	Gilla

Stöpsablánda I ísmiheldur:

60% Vallerfosgras Tuukka,
20% Vallerfosgras Tenho,
10% Vallerfosveigras Sobra,
5% Fjólært rygnesi Barpectra

Staurar - gagnvarðir
50/1500 - 70/1800 - 120/2500



Túngirðingarnet
5 strenga
6 strenga
7 strenga

Gaddavir lowa 2,5 mm
Gaddavir Motto 1,7 mm

Varpkögglar og unगाfóður






Útsæði
Gullauga
Rauðar
Premier



Gunnbjarnarhöll,
801 Selfoss
Sími 480 5000

Opnunartími í tækjasal í íþróttahúsi.

Mánudaga til fimmtudaga kl: 16:00-21:30.

Föstudaga lokað.

Í júní er opið: Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 17:00-20:00

Í júlí: 1. og 3.júlí kl: 17:00-20:00

Í ágúst: Opnunartími frá 5.ágúst til 15.ágúst:

Tækjasalur opinn þriðjudaga og fimmtudaga

Kl: 17:00-20:00

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga: 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00




Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is


Vöndull
FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580
vondull@simnet.is



Ferðir alla virka daga milli
Reykjavíkur, Hveragerðis,
Þorlákshafnar, Eyrarbakka,
Stökkseyrar, Selfoss,
Hellu, Hvolsvallar og
DREIFBÝLIS Í ÁRNESSÝSLU

Nesfrakt
Héðinsgötu 1-3 - Rvk.
Sími 533 2211



Smárafréttir

MAÍ 2014



Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta var haldið í reiðhöllinni á Flúðum í apríl. Ágætis þátttaka var á mótinu og vill mótanefnd þakka þeim sem komu að framkvæmd mótsins, styrktaraðilum sem og þáttakendum og áhorfendum fyrir komuna. Hér fyrir neðan má sjá efstu Smárafélaga í hverjum flokki. Úrslitin í heild sinni má finna á www.smari.is

BARNAFLOKKUR—Þorvaldur Logi Einarsson og Brúður frá Syðra-Skörðugili

UNGLINGAFLOKKUR—Hrafnhildur Magnúsdóttir og Eyvör frá Blesastöðum 1a

UNGMENNAFLOKKUR—Guðjón Hrafn Sigurðsson og Jóvin frá Syðri Hofdölum

2. FLOKKUR—Hannes Gestsson og Garpur frá Kálfhóli 2

1. FLOKKUR—Sigfús Guðmundsson og Vonarneisti frá V-Geldingaholti



WorldFengur

WORLDFENGUR FYRIR SKULDLAUSA FÉLAGA

Rétt er að minna á að þeir sem hafa greitt félagsgjald til Smára gefst kostur á að fá frían aðgang að worldfeng. Þeir sem hafa áhuga á því geta sent tölvupóst með nafni, kennitölu og því netfangi sem tengja skal aðgang á smari@smari.is

ÚRTAKA FYRIR LANDSMÓT Á HELLU 2014

Er fyrirhuguð í samstarfi við önnur hestamannafélög

á Suðurlandi á Hellsu helgina **7-9 júní** næstkomandi.

Fyrri umferðin verður haldin á laugardeginum en ekki

hefur endanlega verið ákveðið hvort seinni umferðin

verði á sunnudeginum eða mánudeginum. **ATH. Til**


að fá keppnisrétt í seinni umferð verður að fara fyrri

umferðina, þ.e. ekki er hægt að ríða eingöngu seinni umferðina.

Fylgist vel með á facebook, smari.is og tölvupóstinum.

PÓSTLISTI !!

Þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með starfi félagsins og fá áminningar og tilkynningar um það sem framundan er er bent á að senda tölvupóst á smari@smari.is og skrá sig á póstlista.



LANDSMÓT HELLU
2014

HÆ KRAKKAR

Síðasta mótið í mótarið
Uppsveitadeildar Æskunnar var
haldið síðustu helgi.

Uppsveitadeildin er á vegum hestamannafélaganna Smára, Loga og Trausta. Svipaður fjöldi knapa tók þátt í vetur og í fyrra og gaman var að sjá hvað knöpum hefur farið fram síðan reiðhöllin var tekin í notkun.

Æskulýðsnefnd Smára vill þakka öllum sem komu að þessum mótum og lögðu fram vinnu og annað, sérstaklega þó knöpum og foreldrum þeirra fyrir gott samstarf í vetur. Einnig þökkum við fulltrúum Loga og Trausta fyrir samstarfið.

VOR & SUMAR

Farið verður í hina árlegu ferð í **HESTHEIMA** helgina **17-18 maí**.

Mæting er í **HESTHEIMUM** kl. 11.30 laugardaginn 17 maí

Brottför er frá **HESTHEIMUM** kl. 15.00 á sunnudeginum.

Að venju verðum við með námskeið, útreiðar, hestaleiki, kvöldvöku og margt fleira !

Reiðkennari verður Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir sem vinnur á Króki.

Þessi ferð hefur verið mjög vinsæl og vonumst við til að sjá sem flesta, fyrir þá sem ekki eiga hest er hægt að fá lánaðan hest í **HESTHEIMUM** gegn vægu aukagjaldi.

Verð á barn er 12.500 (4.000 kr aukagjald fyrir lánshest). Fullt verð er 14.500 en Smári niðurgreiðir 2.000 kr á barn auk þess sem Smári greiðir fyrir reiðkennarann þessa helgi. Þökkum við stjórn Smára kærlega fyrir þennan stuðning !!

Skráning fer fram á smarakrakkar@gmail.com og þarf henni að vera lokið fyrir kl. 22.00 þann 15 maí. Öll börn 10 ára og eldri eru velkomin að vera með !

SUMARNÁMSKEIÐ



Þessi námskeið eru "með öllu" sem sagt lánshesti, reiðtygjum og kennslu. Einnig er hægt að fá lánaða hjálma. Námskeiðin eru mikilvægur þáttur í nýliðunarstarfi hestamannafélagsins og viljum við þakka eftirtöldum aðilum kærlega fyrir frábæran stuðning ! **Námskeiðin verða :**

5-7 júní 3ja daga námskeið í Vestra-Geldingaholti, verð á barn 10.000 kr.

9-11 júní 3ja daga námskeið á Húsatóftum, verð á barn 7.000 kr.

12-14 júní 3ja daga námskeið í Syðra-Langholti, verð á barn 7.000 kr.

Fyrir þá sem hafa rosalega mikinn áhuga er að sjálfsögðu hægt að skrá sig á fleiri en eitt námskeið !! **Við viljum benda foreldrum á að hægt er að nýta tómsundastyrkinn fyrir þessi námskeið. Skráning fer fram á smarakrakkar@gmail.com**

Bestu kveðjur, Æskulýðsnefndin



STYRKTAÐILAR FIRMAKEPPNI SMÁRA 2014



Ábótinn ehf	Hraunteigur ehf	'Olafsvellir
Ása María og synir	Hrepphólabúið	S.R. grænmeti
Ásar og Móar ehf	Hrossaræktarbúið Hlemmiskeiði 3	S.S
Baldvin og Þorvaldur ehf	Hrossaræktarbúið Kálfhóli 2	Sauðakofinn Fossnesi
Bjarni Mátsson	Hrossaræktarbúið Miðfelli 5	Set ehf
Bjarni og Lára Blesastöðum 2A	Hrossaræktarbúið Skollagróf	Fögrusteinar
Blesastaðir 1A	Hrossaræktarbúið Vorsabæ 2	Grís og Flesk
Boletta og Sigurður Hæli	Hrossaræktarfélag Hrunamanna	Gröfutatækni
Búnaðarfélag Hrunamanna	Hrunamannahreppur	Hár-Hrun
Dýralæknaþjónusta Suðurlands	Hrútaskían Ósabakka 1	Hliðarbúið
Eiríkur og Unnur Vorsabæ	Hæll ehf	Hótel flúðir
Ferðaþjónusta bænda Dalbæ	Ingvar og Svala Fjall 1	Sigfús@tölt.nu
Flækja og Félagar	Jón og Helga Skeiðháholti 1	Skarðsbúið
Ferðaþjónustan Steinholti	Jón og Þorgeir Efri-Brúnavöllum	Skeiðháholt 3 ehf
Félgasheimili Hrunamanna	Jörðin Jaðar ehf	Sláturhúsið á Helli
Halla Sigga og Birkir Hæli	Kaffi sel	Strá ehf
Skeiða og Gnúpverjahreppur	Kaffihúsið Mika	Teitur
Syðra-Langholt Gistiheimili	Ásbúðin	Toyota Selfossi
Foldaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum	Búið og Gert	Túnsbergsbúið
Gunnar og Anna Fríða Skeiðháholti 3	Fjallaraf	Töltspor ehf
Hestaleigan Syðra-Langholti	Flúðafiskur	Útlaginn
Tamningamiðstöðin Langholtskoti	Flúðaleið flutningar ehf	Vélfang ehf
Tamningastöðin Efri-Brúnavöllum	Flúðaverktakar	Þrándarholt sf
Reiðskólinn Vestra-Geldingaholti	Kjöt frá Koti	
Miðfellshestar Adda og Einar	Land og hestar	
Minni Borgir ferðaþjónusta	Landstólpi	
Hrafnhildur og Oddur Stöðulfelli		

Hestamannafélagið Smári þakkar ofantöldum einstaklingum og fyrirtækjum kærlega fyrir stuðninginn sem hjálpar okkur að efla félagsstarf og styðja við öflugt æskulýðsstarf.

Bendum við þeim sem eiga eftir að ganga frá greiðslu að hægt er að millifæra kr. 3.000.– inn á reikning félagsins 0325-26-39003 kennitala 431088-1509.

Úrslit frá mótinu og myndir má finna á facebook og www.smari.is

Aðalfundur björgunarfélagsins Eyvindar

Aðalfundur Eyvindar verður haldin mánudagskvöldið 19. maí kl. 20:30.

Dagskrá fundarins: Venjuleg aðalfundastörf.

Baldur Örn Samúelsson gefur ekki kost á sér sem ritari og varaformaður.

Gamlir og nýjir félagar velkomnir.

Stjórnin

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



ÍBÚAFUNDUR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 20. maí nk. kl. 20:00. Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2013. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludur.is

1. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.
2. Listar sem eru í framboði til sveitarstjórnar munu kynna sig og sín mál, en að þessu sinni eru tveir listar sem bjóða fram.
3. Umræður og önnur mál

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps

Sveitastjórnarkosningar í Hrunamannahreppi fara fram laugardaginn 31. maí 2014. Kosnið verður í Félagsheimili Hrunamanna og hefst kosning kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00. Atkvæði verða talin á sama stað, strax að loknum kjöfundum. Tveir listar verða í kjöri Á - listi og H – listi. **Athugið að hægt er að kjósa utan kjörfundar á öllum sýsluskrifstofum landsins.**

Meðfylgjandi eru listar frambjóðenda til sveitarstjórnarkosninga í Hrunamannahreppi.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps.

Heiti lista:		Á-listi
Listabókstafur:		Á
Nafn frambjóðanda	Heimilisfang	Starfsheiti
Bjarney Vignisdóttir	Auðsholt 6	hjúkrunarfræðingur
Erla Björg Arnardóttir	Högnastigur 14	garðyrkjufraeðingur
Elvar Harðarson	Ásastigur 12a	vélamaður
Pröstur Jónsson	Högnastigur 8	húsasmíðameistari
Jón Gunnar Sigurðarson	Suðurhof 8	múrari
Katrín Ösp Emilsdóttir	Grafarbakki 1	garðyrkjufraeðingur
Bozena Maria Jozefik	Högnastigur 6	þjónn
Bjarni Arnar Hjaltason	Borgarás 2	búfræðingur
Kristín Garðarsdóttir	Austurhof 6	heldriborgari
Esther Guðjónsdóttir	Sólheimum	bóndi

Heiti lista:		H-listi
Listabókstafur:		H
Nafn frambjóðanda	Heimilisfang	Starfsheiti
Ragnar Magnússon	Birtingaholt	oddviti
Halldóra Hjörleifsdóttir	Ásastigur 9	skrifstofumaður
Unnsteinn Eggertsson	Efra Sel 2	framkvæmdastjóri
Sigurður Sigurjónsson	Kotlaugar	pípulagningamaður
Kolbrún Haraldsdóttir	Norðurhof 5	Þroskaþj/sérkennari
Valdís Magnúsdóttir	Langholtskot	Bóndi/sérkennari
Hörður Úlfarsson	Vesturbrún 11	verktaki
Vigdís Furuseð	Syðra Langholti	ferðaþjónustubóndi
Jón Bjarnason	Skipholti 3	nemi
Elsa Ingjaldsdóttir	Syðra-Langholt 4	framkvæmdastjóri

Samhliða sveitarstjórnarkosningunum verður gerð skoðanakönnun vegna sameiningarmála. Þeir sem kjósa utan kjörfundar geta tekið þátt í skoðanakönnuninni með því að koma á skrifstofu Hrunamannahrepps þar sem tilheyrandi gögn verða til staðar.

Ath. Ekki er hægt að taka þátt í könnuninni á sýsluskrifstofum.

Kjörstjórn Hrunamannahrepps

Sýnishorn af seðli vegna skoðanakönnunnar.

Skoðanakönnun vegna sameiningarmála

Vilt þú að Hrunamannahreppur sameinist öðru sveitarfélagi eða sveitarfélögum?

- Já
- Nei

Ef já, hvaða sameiningarkost telur þú vænlegastan? Merktu við einn valkost:

- Sameining Uppsveita Árnessýslu.** (Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur,)
- Sameining Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps í eitt sveitarfélag.**
- Sameining Árneshings.** (Uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur, Hveragerði og Sveitarfélagið Ölfus)
- Sameining allra sveitarfélaga í Árnessýslu.**
- Sameining allra sveitarfélaga á Suðurlandi.** (Sveitarfélög í Árnes, Rangárvalla, Vestur- og Austur Skaftafellssýslur og Vestmannaeyjar)

Þessi grein birtist í blaðinu Björgun á dögunum og vil ég að sem flestir geti lesið hana og fyllst af stolti af okkar góða fólki sem starfar í björgunarsveitinni Eyvindi á Flúðum. Þau eiga hrós skilið fyrir sitt óeingjarna starf.

Hannibal Kjartansson

Formáli

Björgunarfélagið Eyvindur á Flúðum hefur síðan um mitt ár 2011 verið með starfandi vettvangshjálparhóp. Tilgangur hópsins er að bregðast við alvarlegum veikindum eða slysum í uppsveitum Árnessýslu í samstarfi við sjúkraflutninga HSu á Selfossi og Lögregluna í Árnessýslu.

Upphafið

Árið 2003 var farið í rýningu á starfsemi björgunarfélagsins Eyvindi og endurskipulagningu á tækjaflota félagsins. Hlutirnir voru metnir svo að Ford Econoline bifreið björgunarfélagsins gæti nýst sem sjúkraflutningstæki í ófærð og á fjöllum í samstarfi við starfandi sjúkraflutninga í sýslunni. Var bílnum breytt í samræmi við þær hugmyndir og sett í hann súrefni og festingar fyrir sjúkrabörur, sambærilegar og eru í sjúkrabílum. Þetta var hannað þannig að auðvelt væri að taka úr honum þennan búnað og breyta honum í fólksflutningstæki á sem skemmstum tíma.

Menntun

Það var ekki fyrir en sjúkraflutningar fóru frá lögreglunni í Árnessýslu til HSu að talið var raunhæft að fara að vinna að þeirri hugmynd að stofna vettvangshjálparhóp á Flúðum. Hann myndi vinna í nánu samstarfi við sjúkraflutninga HSu og var sett upp krafa um að það væru að lágmarki 3 menntaðir í vettvangshjálpi í óbyggðum (Wilderness first responder) í hópnum svo hægt yrði að stofna hann. Árið 2008 byrjaði björgunarfélagið Eyvindur að mennta fólk með það að markmiði að koma hópnum af stað. Árið 2011 varð það svo að veruleika að vettvangshjálparhópurinn var stofnaður en þá um vorið voru orðnir 6 menntaðir einstaklingar í vettvangshjálpi í óbyggðum (WFR) og í hópinn var svo bætt hjúkrunarfræðingi, sjúkraliða og bílstjórum sem eru starfandi í björgunarfélaginu, alls 12 manns. Vettvangshjálparhópurinn er duglegur að ná sér í meiri þekkingu með því að sækja námskeið, fyrirlestra og einnig koma annað slagið sjúkraflutningsmenn og fara yfir ýmislegt sem er talið að þurfi að skerpa á. Þá má nefna að 3 úr vettvangshjálparhópnum hafa lokið EMT-B námi og einnig er hópurinn nokkuð duglegur að halda æfingar. eru þá nýliðar og elstu krakkarnir úr unglíngadeildinni Vindi fengnir til að leika sjúklinga og fá þau ansi góða reynslu af því að fara í gegnum verkefni sem fylgja æfingunum.

Samningur

Í júní 2011 var undirritað samkomulag vegna fyrstu viðbragða í alvarlegum slysum eða veikindum. Samkomulag þetta er undirritað af Björgunarfélaginu Eyvindi Flúðum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu), Lögreglunni í Árnessýslu og Árnesingadeild Rauða Kross Íslands.



Í samkomulagi þessu er farið yfir hlutverk og boðunarverkferla ásamt því hvernig fjarskipti eru höfð í aðgerðum. Vettvangshjálparhópurinn er undir læknisfræðilegri umsjón HSu í þeim tilfellum sem sjúkraflutningar eða lögregla boðar hópinn út. Við boðun eru það annað hvort sjúkraflutningar eða lögregla sem kalla út hópinn, hvort sem er í slyss eða til aðstoðar lögreglu á vettvangi. Hópurinn er á boðunarskrá undir sjúkraflutningum HSu sem einfaldar útkall hjá neyðarlínu en ekki er notast við hefðbundið útkallsferli björgunarsveita. Árnesingadeild Rauða Kross Íslands útvegaði við undirritun samkomulagsins einstaklingstöskur með sjúkrabúnaði þar sem allir sem eru menntaðir fengu hver sína tösku. Það hefur reynst afar vel að hafa slíkan búnað við hendina og geta farið beint á vettvang á einkabíl og hafið grunnvinnu þangað til annar búnaður kemur á vettvang.

Sjúkrabílavaktir

Í samkomulaginu er þess getið að þeir sem eru í vettvangshjálparhópnum hafa möguleika á að taka sjúkrabílavaktir og hefur hver og einn kost á að vera allt að 24 tíma á ári á sjúkrabílavakt. Það er gert til að hópurn geti farið yfir búnað og uppbyggingu á sjúkrabílunum, kynnist sjúkraflutningsmönnum og taki þátt í útköllum með þeim. Er þetta án efa mjög mikilvægt fyrir vettvangshjálparhópinn og klárlega lærdómsríkt og gerir hópinn betur búinn undir að takast á við verkefni sem hann fer í.

Útköll og þróun þeirra

Þetta byrjaði rólega og gerðu menn sér grein fyrir að það myndi taka þó nokkurn tíma að slípa verkefnið til. Það að gera sjúkraflutningsmenn og neyðarlínu meðvituð um hópinn og átta sig á hvenær væri þörf á honum og eins hversu langa leið hópurn gæti farið svo hann myndi nýtast sem skyldi á vettvangi, áður en aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang. Með árunum hefur útköllum fjölgað frá því að vera 1-2 á ári til að byrja með í það að fara í 18 árið 2013. Á Flúðum og nágrenni er mikill mannfjöldi yfir sumartímann t.d um verslunarmannahelgar og hefur hópurn verið með bakvakt á svæðinu alla helgina og hefur það reynst mjög vel. Vettvangshjálparhópurinn hefur styrkt bráðabjónustu í uppsveitum Árnessýslu og reynst sjúkraflutningum mikilvægur liðstyrkur.

Búnaður

Miklu hefur verið bætt í skyndihjálparbúnaðinn hjá björgunarfélaginu Eyvindi á síðustu árum og hefur félagið ýmist keypt búnaðinn sjálft eða fengið hann að gjöf frá einstaklingum og Kvenfélagi Hrunamannahrepps. Nokkuð sambærilegur búnaður er í bilunum þremur sem björgunarfélagið á og nýtist hann í aðgerðum. Reynt er að hafa töskur og súrefnisbúnað svipað upp settann en þó er meira af sértækum búnaði í Vindi 1 sem nýtist frekar til stuðnings og við flutning á sjúklingum. Í húsinu er sérstakt skyndihjálparherbergi þar sem æfingabúnaður og nýr búnaður er geymdur, þar er líka geymt hjartastuðtæki og lyf til að bregðast við asma og ofnæmistilfellum.

Þessu til viðbótar má nefna að þegar sjúklingi er komið í sjúkrabíl með búnað frá björgunarfélaginu, er samskonar búnaður og notaður var tekinn úr sjúkrabílnum áður en hann fer eða við fyrsta tækifæri. Þannig er vettvangshjálparhópurinn alltaf með allt klárt fyrir næsta útkall.

Vindur 3

Þegar björgunarsveit fer í svona verkefni þá þarf hún eðlilega að vera í stöðugri sjálfsskoðun og meta hlutina út frá verkefnum og reynslu sem safnast upp. Sumarið 2012 var það metið svo að það þyrfti að skoða heppilegri bíl til að takast á við þau útköll sem fylgdi vettvangshópnum. Þegar það þarf að bregðast við slysum eða alvarlegum veikindum þá skiptir tími öllu og ekki forsvaranlegt að fara í forgangsakstur á mikið breyttum jeppum. Varð það úr að björgunarfélagið Eyvindur keypti fjórhjóladrifinn Subaru sem í var settur allur helsti fjarskiptabúnaður, leiðsögutæki, búnaður fyrir forgangsakstur og sjúkrabúnaður. Reynslan hefur verið mjög góð og mikið öryggi að fara í útköll á sérútbúnum fólksbíl í forgangsakstur, jepparnir koma svo á eftir með meiri búnað og mannskap ef með þarf.

Björgunarfélagið Eyvindur

Breytt staða, áhugi, fagmennska

Engum sem starfað hefur lengi með björgunarfélaginu Eyvindi hefði órað fyrir hversu mikið það myndi breyta starfinu að fara úr hefðbundnum björgunarsveitarverkefnum í að vinna með atvinnuöðnum að mjög aðkallandi og krefjandi útköllum. Björgunarsveitarfólk sem eingöngu hafði verið með skyndihjálp 1-2 fôr í gegnum WFR og sumir fóru enn lengra í menntunarmálum og breytir það eðlilega mikið stöðunni hjá björgunarfélaginu. Haldnar eru æfingar með nýliðum og unglingadeildinni og kveikir það áhuga hjá þeim yngri og setja margir sér stefnu og markmið að taka þátt í þessu verkefni. Björgunarfélagið Eyvindur er að störfum í hinum ýmsu verkefnum en getur einnig farið í skyndihjálparverkefni af fagmennsku og öryggi. Öllum má vera ljóst að verkefni sem þetta styrkir ekki bara samfélagið og eykur öryggi íbúa þess heldur styrkir þetta í leiðinni innra starf björgunarfélagsins og ímynd þess.

Frá undirritun
sammingsins í júní 2011



Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna:

Aðalfundur var haldinn í apríl þar voru veitt verðlaun fyrir hæst dæmdu hross sýnd árið 2013 sem upprunnin eru úr sveitinni og ræktuð af félagsmönnum voru það þau Draumsýn og Váli frá Efra Langholti og eins voru veitt verðlaun fyrir ræktunarbú ársins og var það Jaðar, en verðlaun þessi eru reiknuð út frá sýndum hrossum eftir kúnstarinnar reglum.

Berglind Ágústsdóttir gekk úr stjórn og í stað hennar var kosin Bára Sævaldsdóttir.

Tekið verður á mótí ungfolum í girðinguna við flugvöllinn eins og vant er, eins, tveggja og þriggja vetra frá skuldlausum félögum og skulu folarnir vera í þeirra eigu.

Pantið hjá Sigurði Hauk í síma 894-3059 eða skollagrof@skollagrof.is

Stóðhestur:



Toppur frá Auðsholtshjáleigu verður í Hrunagirðingu eftir Landsmót, Toppur er vel ættaður og hátt dæmdur með 8,48 fyrir sköpulag og 8,50 fyrir hæfileika sem gerið 8,49 í aðaleinkun. Verð á tolli, girðingargjaldi, einum sónar og með vsk er 140.000 krónur og afsláttur til félagsmanna er 17.570 krónur.

Pantið hjá Sigurði Hauk í síma 894-3059 eða skollagrof@skollagrof.is

Óska eftir að kaupa Gróðurhúsagler 60x60cm. 40 stk.
Er einhver aflögufær?

Björn sími 4866606



Rusladagur 9 maí 2014. Ruslamálaráðherra var Sigrún Pálsdóttir

